

Námskeiðslýsingar - Námskeiðsáætlun Veturinn 2010 - 2011

Í haust og vetur verður boðið upp á kynningar og námskeið fyrir starfsmenn bókasafna. Í boði verða námskeið í grunnþáttum kerfisins svo og kynningar og námskeið á nýjum verkþáttum og stoðkerfum svo sem millisafnalánum, SFX og Primo.

Námskeiðunum í meðfylgjandi áætlun má í meginráttum skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er námskeiðið "Stefnumót við Gegni" sem er almennt ítarnámskeið fyrir vana notendur. Í öðru lagi eru námskeið í einstökum verkþáttum kerfisins ásamt grunnnámskeiði í Gegni. Í þriðja lagi eru sérhæfð ítarnámskeið og kynningar fyrir ákveðna markhópa. Þar má nefna námskeið í nýjum millisafnalánþætti, námskeið fyrir sérfræðibókasöfn svo og kynningar á SFX og Primo.

Á námskeiðsáætluninni er tilgreindur markhópur til þess að námskeiðin og kynningar verði hnitmiðaðri en námskeiðin eru samt sem áður opin öllu starfsfólki Gegnissafna. Hér fyrir neðan eru stuttar lýsingar á námskeiðunum ásamt námskeiðsáætlun. Athugið að dagsetningar eru settar fram með fyrirvara um breytingar.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á vef Landskerfis bókasafna, <http://landskerfi.is> undir **Fræðsla – Skráning**.

Athugið að ekki er send út staðfesting um skráningu á námskeiðin. Þátttakendur eru látnir vita ef þeir komast ekki á umbeðið námskeið.

1. Stefnumót við Gegni

Þetta er ítarnámskeið fyrir vana starfsmenn. Auk almennrar virkni kerfisins verða breytingar á gegnir.is kynntar. Sérstök áhersla verður á SFX krækjuckerfið og nýjan millisafnalánþátt. Námskeiðin munu taka mið af þátttakendum eða markhópi hvers námskeiðs, enda eru þarfir skólasafnvarða aðrar en þarfir en starfsfólks almenningsbókasafna. Dagskrá:

- Nýjungar í gegnir.is
 - Leitargrunnar
 - Leitargluggi
 - Rafrænt efni
- Tölfræði Gegnis
- Millisafnalán
- SFX
- Lánþegaupplýsingar

2. Grunnnámskeið í Gegni

Á þessu námskeiði verður farið í grunnaðgerðir kerfisins með þarfir nýrra starfsmanna og nýrra aðildarsafna í huga. Dagskrá:

- Almenn kynning á Gegni
- Leitir
- gegnir.is
- Tenging eintaka
- Útlán

3. Útlánanámskeið

Námskeiðið er ætlað söfnum sem nota útlánþáttinn ásamt þeim sem hyggjast byrja að nota útlánþáttinn á næstunni. Dagskrá:

- Leitir í Gegni
- gegnir.is
- Útlán
- Lánþegar
- Eintök

4. Skráningarnámskeið

Aðeins þeir sem hafa sótt námskeið í skráningarþætti Gegnis geta fengið skráningarheimild í kerfið. Skilyrði fyrir þátttöku er próf í bókasafnsfræði og að safnið sé tengt aðildarsafn. Námskeiðið er þrjú dagar. Dagskrá:

- Leitir
- Skráningarþáttur, almenn kynning
- MARC21
- Skráning í Gegni
- Nafnmyndaskrá
- Efnisorð

ATH. Hverju aðildarsafni Gegnis er heimilt að senda einn starfsmann endurgjaldslaust á skráningarnámskeið en síðan er námskeiðsgjaldið 33.599 kr. á þátttakanda.

5. Fræðslufundur skrásetjara

Fræðslufundir skrásetjara eru haldnir tvisvar á ári, vor og haust. Dagskrá verður send út fyrir hvern fund. Fundunum er ætlað að vera stuðningstæki fyrir skrásetjara. Það verður meðal annars farið yfir:

- Gæðamál
- Skráningarreglur - vafaatriði
- Samþykktir skráningarráðs
- Ábendingar frá skrásetjurum

6. Samráðsfundur um efnisorð

Efnisorð eru endalaus uppspretta vangaveltna. Samráðfundinum er ætlað að vera vettvangur efnisorðaráðs og aðildarsafna Gegnis um efnisorð og meðhöndlun þeirra. Fundurinn er haldinn í samvinnu við efnisorðaráð og verður dagskrá auglýst síðar.

7. Kerfiskeyrslur

Markmið með námskeiði í kerfiskeyrslum er að auka sjálfstæði stjórnenda bókasafna við daglegan rekstur safna. Kennt verður á kerfiskeyrslur sem m.a. lúta að útlánupplýsingum, eintökum og lánþegum.

8. SFX - kynning

Tilgangur þessarar kynningar er að kynna SFX krækjakerfið fyrir almennings- og framhaldsskólabókasöfnum. Dagskrá:

- Uppbygging SFX á Íslandi
- A-Z listinn
- FinnaGrein

9. Sérfræðibókasöfn

Þjónusta og starfssemi sérfræðifræðibókasafna er einstök. Lausnir sem henta t.d. almennings- og háskólasöfnum þarf að aðlaga fyrir sérfræðibókasöfn. Markmiðið með þessu námskeiði er að kynna bókasafnskerfið, gegnir.is og SFX krækjakerfið út frá þörfum sérfræðibókasafna. Dagskrá:

- Gegnir - hvað býður kerfið upp á?
- gegnir.is
- SFX
- Millisafnalán

10. Aðföng

Áætlað er að halda námskeið í aðfangapætti Gegnis. Þar sem aðstæður og þarfir safnanna eru mjög mismunandi verða efnistösk og dagskrá ákveðin í samvinnu við aðildarsöfn Gegnis.

11. Primo - kynning

Landskerfi bókasafna vinnur að því að setja upp samþætta leitargátt fyrir bókasöfn landsins. Í fyrsta áfanga verkefnisins verður hægt að leita í Gegni og stafrænu íslensku efni svo sem timarit.is og Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Áformað er að kynna leitargáttina fyrir starfsfólki bókasafna að uppsetningu lokinni

Gegnir - Námskeiðsáætlun Veturinn 2010 - 2011

Námskeið	Dagsetning	Tími	Staðsetning	Markhópur
Grunnnámskeið í Gegni	9. september	9:00 - 12:00	Höfðatúni 2	Námskeið fyrir nýja starfsmenn og ný aðildarsöfn
Millisafnalánanámskeið - fyrri hluti	16. september	9:00 - 14:00	Höfðatúni 2	Starfsfólk safna sem áætla að taka nýjan millisafnalánabátt í notkun haustið 2010.
Millisafnalánanámskeið - seinni hluti	1. október	9:00 - 14:00	Höfðatúni 2	
Stefnumót við Gegni	14. október	10:00 - 12:00	Höfðatúni 2	Allir
Stefnumót við Gegni	14. október	14:00 - 16:00	Höfðatúni 2	Bókaverðir í grunnskólum
Stefnumót við Gegni	15. október	14:00 - 16:00	Höfðatúni 2	Bókaverðir í grunnskólum
Útlánanámskeið	15. október	9:00 - 12:00	Höfðatúni 2	Allir
Stefnumót við Gegni	29. október	10:00 - 15:30	Egilsstöðum - Þekkingarnet Austurlands	Bókaverðir á Austurlandi
Stefnumót við Gegni	2. nóvember	9:30 - 12:00	Höfðatúni 2	Allir
Skráningarnámskeið	3.-5. nóvember	9:30 - 14:00	Höfðatúni 2	Útskrifaðir bókasafnsfræðingar Ath. Námskeiðið er 3 dagar
Stefnumót við Gegni	4. nóvember	14:10 - 16:30	Höfðatúni 2	Allir
Kerfiskeyrslur	12. nóvember	9:30 - 12:00	Höfðatúni 2	Safnstjórar og deildarstjórar
Stefnumót við Gegni o.fl.	16. nóvember	13:00 - 16:00	Reykjanesbær	Starfsfólk safna í Reykjanesbæ og nágrenni
Stefnumót við Gegni	17. nóvember	9:30 - 12:00	Akureyri - HA stofa N101	Bókaverðir á Norðurlandi
Millisafnalánanámskeið	17. nóvember	13:00 - 16:00	Akureyri - HA stofa K203	Starfsfólk safna sem nota nýjan millisafnalánabátt
Millisafnalánanámskeið	23. nóvember	9:00 - 12:00	Höfðatúni 2	Starfsfólk safna sem nota nýjan millisafnalánabátt
Fræðslufundur skrásetjara	26. nóvember	13:30 - 16:00	Landsbókasafni	Skrásetjarar
Aðföng	27. janúar	10:00 - 14:00	Höfðatúni 2	Starfsfólk sem starfar við aðföng
Samráðsfundur um efnisorð	28. janúar 2011	13:30 - 16:00	Landsbókasafni	Skrásetjarar
Sérfræðisöfn	17. febrúar 2011	9:30 - 12:00	Höfðatúni 2	Starfsfólk sérfræðibókasafna
Kynning á SFX	28. febrúar 2011	10:00 - 12:00	Höfðatúni 2	Starfsfólk almennings- og framhaldsskólasafna
Kynning á Primo	Tímasetning ákveðin síðar		Höfðatúni 2	Allir